

## Barnatrygging auðveldar fjölskyldunni að takast á við ófyrirséðan kostnað og tekjumissi vegna veikinda eða slysa sem barn verður fyrir.

Barnatrygging er í boði fyrir börn á aldrinum eins mánaða til 16 ára og gildir þar til 20 ára aldri er náð.

### Fimm tryggingar í einni

Barnatrygging er fimmföld vernd fyrir barnið og fjölskyldu þess.

**Framtíðarvernd** bætir framtíðartekjumissi barns. Ef slys eða sjúkdómur leiðir til varanlegrar örorku, 10% eða hærri, eru greiddar bætur inn á lokaðan reikning sem barnið getur ráðstafað við 18 ára aldur. Lágmarksbætur eru 1.080.000 krónur en hámarksbætur 23.400.000 krónur.

**Áfallavernd** hjálpar fjölskyldunni að takast á við breyttar aðstæður vegna slyss eða sjúkdóms. Ef slys eða sjúkdómur leiðir til varanlegrar örorku, 10% eða hærri, greiðast bætur að hámarki 4.000.000 krónur.

Bætur geta í sumum tilfellum verið greiddar úr fleiri en einum lið barnatryggingar. Þær skerða ekki bótarétt úr öðrum tryggingum. Tryggingin gildir ekki vegna sjúkdóma og slysa sem verða áður en hún tekur gildi eða vegna sjúkdóma sem greinast á fyrstu þremur mánuðum gildistíma hennar.

**Sjúkdómavernd** er 1.500.000 krónur og greiðist í einu lagi ef barn greinist með einhvern eftirfarandi sjúkdóma:

- › Krabbamein
- › MS (heila- og mænusigg)
- › Sykursýki (diabetes mellitus, tegund 1)
- › Alvarleg brunasár
- › Slímseigjusjúkdómar (cystic fibrosis)
- › Liðagigt
- › Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps
- › Sáraristilbólga (Colitis Ulcerosa)
- › Crohn's sjúkdómur
- › Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar

**Aðhlynningarvernd** greiðir bætur ef barnið leggst inn á spítala eða þarfnast sólarhringsaðhlynningar á heimili í tiltekinn dagafjölda á 120 daga tímabili. Ef barnið þarf sólarhringsaðhlynningu í a.m.k. 30 daga greiðist helmingur bótafjárhæðarinnar og hinn helmingurinn er greiddur ef þörf fyrir aðhlynningu nær 60 dögum á tímabilinu. Hámarksbætur aðhlynningarverndar eru 500.000 krónur.

**Dánarbætur** eru 750.000 krónur.

Barnið heldur tryggingunni þó að tryggingartaki falli frá. Ef tryggingartaki (yngri en 65 ára) fellur frá á gildistíma tryggingarinnar, greiðum við iðgjaldið og barnið er tryggt áfram.

Nánar upplýsingar um Barnatryggingu er að finna á [sjova.is](http://sjova.is) og í skilmálum Barnatryggingar. Allar bætur Barnatryggingar eru skattfrjálsar og greiddar út í einu lagi.

